

Nýttu tímann skynsamlega

Sjálfvirknivæðing endurtekinna verka gefur þér meiri tíma til þess að sinna öðrum verkum.

02

Heilbrigð mjólkurframleiðsla

Það hefur margvíslegan ávinning í för með sér fyrir þig og gripina þína að ýta fóðrinu oftar að þeim.

04

Virkar í öllum fjósum

Lely Juno sópar fóðri í öllum gerðum fjósa og getur meira að segja farið úr einu fjósi yfir í annað.

08

Lely Juno fóðursópurinn

Sjálfvirk fóðursópun



*Það hefur aldrei verið
auðveldara að auka átið
á fóðrinu*



„Kýrnar éta meira nú þegar við höfum tvöfaldað fódursópunartíðnina og fóðri er einnig sópað að næturlagi.“

**Maxime Auffrais
Châteaubriant, Frakklandi**

„Fyrir tveimur árum notuðum við traktor til að ýta fóðri á morgnana, í hádeginu og kvöldin. Þegar við fengum sjálfvirka Juno-fóðursópinn tvöfölduðum við tíðnina við að ýta fóðrinu að kúnum og höfum nú meiri tíma til að sinna þeim.

Kýrnar éta líka betur núna því fóðrinu er einnig ýtt að þeim á nóttunni. Ég held að hljóðið í Juno lokki kýrnar oftast að átsvæðinu. Við erum með minna af fódurleifum og heimsóknir í mjaltþjóninn hafa meira að segja aukist.“

Fóðurstefnan hefur veruleg áhrif á árangurinn

Aukin tíðni við að ýta að fóðri borgar sig – það örvar áttíðnina bæði að nóttu sem degi, sem leiðir til meira heildaráts hjarðarinnar. Þetta hefur jákvæð áhrif á heilsufar gripanna, frjósemi og framleiðslu – og líka á þinn fjárhag.

Mikið át á fljótgerjanlegu fóðri veldur mikilli lækkun á pH-gildi, sem getur leitt til dulins súrdoða og að lokum skemmda á vambarveggnum. Fóður fer þá of hratt í gegnum vömbina auk þess sem bakteríur, sem vinna á trefjunum vinna verr við lágt pH gildi.

Þetta leiðir til lélegrar nýtingar á fóðri. Kýr ættu að éta 10 til 14 sinnum á sólarhring til að tryggja gott og stöðugt vambarsýrustig og þar með skilvirkari nýtingu fódursins. Með því að ýta fóðrinu oftast að kúnum örvar það þær til að koma oftast að átsvæðinu til að halda vömbinni fullri. Með því að gera þetta ferli sjálfvirkt getur þú aukið átið á sama tíma og þú dregur verulega úr bæði vinnu og eldsneytisnotkun.

Lely Juno sjálfvirki fódursópurinn gerir dagana þína sveigjanlegri, fóðrunarferlið skilvirkara og búið þitt farsælla.

Snjallfóðrun skilar árangri

„Kýrnar koma við flautið þegar Juno fer í gang.“

Jérôme Auffrais, Frakklandi
120 mjólkurkýr og 400 kálfar



Það hefur ýmsa kosti fyrir þig og kýrnar þínar að ýta fóðrinu oftari að þeim

Ávinningurinn af því að ýta sjálfvirkt að gripunum

Stöðugt aðgengi að fóðri, allan sólarhringinn

Allar kýr, meira að segja lægra settar kýr, geta étið nauðsynlegan skammt til að tryggja heilbrigði vambar, vöxt og framleiðslu. Með því að ýta fóðrinu reglulega að þeim, er það ávallt í boði fyrir kýrnar. Fóðrun, og það að ýta fóðrinu oftari að kúnum, fær þær til að fara oftari að átsvæðinu og fylla vömbina.

Hámarks át

Fóðrunin er besti hvatinn fyrir kýrnar að fara að átsvæðinu. Þegar þú fóðrar með fóðurvagni er fóðrun tvisvar til þrisvar á dag best til að ná réttu jafnvægi á milli vinnu og besta mögulega áti. Þetta jafngildir því að ýta fóðrinu að þeim 6 til 8 sinnum á dag.

Vinnusparnaður

Vinna er oft takmarkandi þáttur þess að fá kýrnar til þess að hámarka átið dag og nótt. Vinnan við það að ýta að þrisvar sinnum á dag, taki það 10 mínútur í hvert skipti, mun Juno fóðursópurinn spara þér allt að 180 klukkustundir á ári.

Aukinn sveigjanleiki

Sjálfvirkni endurtekinnar vinnu, eins og við að ýta að fóðri, veitir tíma til að sinna öðrum störfum. Notaðu búskaparhæfileika þína heldur þar sem þú sérð tækifæri til að bæta úr til dæmis við beitarstjórnun, kynbótaskipulag eða við að aðlaga kjarnfóðurskammtana svo hámarka megi nýtingu heildarátsins. Þetta er allt verðmætara en að vinna við það að ýta fóðrinu sjálf(ur) að kúnum.



Meiri ávinningur við að ýta fóðrinu sjálfvirkt að kúnum

Tíðari heimsóknir í mjaltþjóninn

Þegar Lely Juno fóðursópurinn er notaður ásamt Lely mjaltþjóninum hefur verið sýnt fram á að heimsóknir í mjaltþjóninn aukast. Tíðari heimsóknir leiða til meiri mjólkurframleiðslu, sérstaklega fyrir lægra settar kýr. Auk þess nýttist mjaltþjóninn á skilvirkari hátt og færri kýr þarf að sækja í mjaltir.

Flokkun og fóðurleifar

Það að ýta fóðrinu oftast að kúnum örvar átið og dregur úr magni fóðurleifa. Kýrnar hafa síðri möguleika á flokkun fóðursins, sem gerir átskammtinn sem líkastan því sem honum er ætlað að vera. Miðaðu við 3-5% fóðurleifar áður en þú gefur kúnum nýtt fóður. Ef kýrnar skilja eftir 5-10% fóðurleifar gæti eitthvað verið athugasvert við blöndunargæði eða lystugleika fóðursins. Slæmar fóðurleifar á að líta á sem úrgang og henda.

Bætt heilbrigði gripa

50-70% af orkuþörf mjólkurkúa koma frá rokkgjörnum fitusýrum sem verða til við gerjun kolvetna. Örverurnar sem gerja trefjarnar eru síður virkar við lágt sýrustig. Margar átlotur leiða til herra og stöðugra sýrustigs, sem gerir kúnum kleift að nýta betur fóðrið sem þær éta. Með því að ýta fóðrinu oft að kúnum örvar það þær til að éta oftast sem hjálpar þeim að fá meira út úr fóðrinu.

Minni streita

Kýr éta, liggja og ganga í hóp. Streita og áreiti á átsvæði á sér stað þegar fóður, eða aðgengi að því, er takmarkað. Kýrnar sem eru lægra settar bíða þar til hinar herra settu hvíla sig. Þær éta hraðar og líka oft minna – þetta leiðir til fleiri heilsufarsvandamála. Með því að tryggja að nægilegt lystugt fóður sé aðgengilegt, takmarkar þú áhrif þess að hafa of fá átsvæði.

„Við fengum mjög skýrar leiðbeiningar frá þjónustuaðilanum.“

Wim Wijnhout, Hollandi – 200 mjólkurkúr

Mjalta- og fóðrunarsérfræðingarnir á þínu svæði

Lely Center Íslandi er traustur samstarfsaðili þegar kemur að sjálfvirkum mjöltum. Á liðnum árum hefur Lely byggt upp alhliða net sérfræðinga sem sameina reynslu í sjálfvirkni í mjólkurframleiðslu og staðbundna þekkingu. Meginmarkmið þeirra er að hjálpa þér að fá sem mestan ávinning af Lely búnaðinum þínum.

Hugarró

Hugarró er mikilvæg í daglegu starfi. Þá þarf að vera hægt að reiða sig á starfsmenn og vera með góðan samstarfsaðila sem sinnir þjónustunni. Það er gott að vita af því að á bak við Lely Juno fóðursópurinn stendur fyrirtæki sem þú getur treyst.

Vottaðir tæknimenn

Með Lely Center Íslandi hefur þú fullt aðgengi að löggiltum tæknimönnum Lely. Þeir munu tryggja fullkomna uppsetningu, setja upp heppilegar leiðir og veita rétta þjónustu fyrir langan og vandræðalausán líftíma fóðursópsins.

Þekking og reynsla á hverjum stað

Þú getur líka reitt þig á þekkingu, hjálp og stuðning bústjórnarráðgjafanna hjá Lely Center Íslandi. Þeir tryggja að Juno fóðursópurinn gegni hlutverki sínu við að hámarka framleiðni og arðsemi búsinns þíns.

Kúabúskapur er okkur í blóð borinn

Margir starfsmanna Lely eru úr dreifbýli og hafa alist upp í sveitumhverfi. Þeir skilja hvernig búin virka, undirgangast þjálfun á hverju ári og próf til að tryggja að þekking þeirra sé til staðar. Áreiðanleiki og sérfræðiþekking er til staðar, til að aðstoða núverandi og nýja viðskiptavinum. Vegna þess að staðbundnir þjónusturáðgjafar okkar hafa mikla reynslu af öðrum kerfum sem eru starfandi á þínu svæði, þá eru þeir alltaf með nýjustu þekkinguna.

Mesta reynslan á sviði sjálfvirkni í mjólkurframleiðslu

Lely er leiðandi á markaðnum þegar kemur að sjálfvirkni í mjólkurframleiðslu. Lely Juno fóðursópurinn er þegar notaður af meira en 13.000 viðskiptavinum um allan heim.



Lely Juno fóðursópurinn

*Aukið át hefur aldrei verið
auðveldara*

Að ýta handvirkt að kúnum heyrir nú fortíðinni til. Með hjálp Lely Juno getur þú aukið tíðni þess að ýta fóðri að og jafnframt dregið úr vinnu- og orkukostnaði.

Hannaður fyrir allar fjósgerðir

Þar sem Lely Juno er sjálfstætt tæki er sjaldan þörf á breytingum á fjósum og það er hægt að nota Lely Juno í næstum því hvaða fjósi sem er. Lely Juno ræður við allar gerðir af fóðurgöngum með auðveldum hætti, sem gerir það að verkum að Lely Juno hentar fyrir öll fjós – jafnvel fjós með mjóa fóðurganga.

Hvernig virkar þetta?

Lely Juno fer sjálfkrafa meðfram fóðurganginum, samhliða framhlið átsvæðisins. Snúningsflöturinn á neðri hluta vélarinnar ýtir gróffóðrinu í átt að framhlið átsvæðisins. Þungur stálkubbur myndar grunn fóðursópsins sem tryggir að tækið hefur nægan þunga til að ýta fóðurinu.

Lítill orkunotkun

Hleðslustöðin, sem hægt er að festa á vegg eða gólf fóðurgangsins, þjónar sem upphafs- og endapunktur hversrar fóðurleiðar. Juno hleðst hratt og auðveldlega og þökk sé orkusparandi móturum er orkunotkunin um 1 kW stund á dag. Þetta skilar sér í töliverðum sparnaði á eldsneyti í samanburði við dráttarvélanotkun, dregur úr kostnaði við vinnu og hefur jákvæð áhrif á CO₂ losun fjóssins.

Öryggi

Lely Juno vinnur á fóðurganginum og þar sem hann er sá hluti fjóssins sem auðvelt er fyrir fótgangandi að komast inn á, er fóðursópurinn með sérstaka árekstrarskynjara til að tryggja öryggi fólks og skepna. Þetta tryggir að fóðursópurinn stöðvast um leið og hann rekst á hindrun.

Vinnur dag sem nótt

Keyrir ýmsar leiðir, og í hvaða fjarlægð frá framhlið átsvæðisins sem þú vilt, allan sólarhringinn



Stýrileiðarar úr málmi

Lely Juno notar sérstaka skynjara til að fylgja málmstýriræmum þegar ekið er í átt að hleðslustöðinni og, ef þörf krefur, yfir í aðrar byggingar.



Ómskynjarar

Lely Juno notar ómskynjara til að fylgja veggjum og framhlið átsvæðis í æskilegri fjarlægð, án þess að þurfa að breyta leið sinni.



Hreinsileið

Juno er einnig fær um að hreinsa fóðurganginn, til dæmis einni klukkustund fyrir fóðrun. Hreinsileiðin hefst fjærst átsvæðinu sjálfu og ýtir Juno meðinu að framhlið átsvæðisins.



Sveigjanlegur í vinnu

Fóðrinu er aldrei jafnt dreift á fóðurganginn. Þökk sé hugbúnaðinum okkar, þá skiptir það ekki máli. Fyrir hverja leið sem fóðursópurinn fer, er hægt að stilla lágmarksfjarlægð til framhliðar átsvæðisins, hve oft hann ýtir við fóðrinu og hvaða gróffóðurblanda er gefin í hverjum hópi. Byggt á þessum upplýsingum reiknar svo

hugbúnaðurinn rétt viðnámsstig fóðursópsins og þess krafts sem er notaður við að ýta að fóðrinu. Juno er einnig fær um að leiðrétta sjálfkrafa bestu fjarlægðina að framhlið átsvæðisins þar sem hann greinir magn fóðurs á hverjum stað. Þetta tryggir að Juno dreifir fóðrinu rétt eftir öllum fóðurganginum á hvaða tíma sem er.



Lely Control Plus

Hægt er að stjórna Lely Juno með „Lely Control Plus“ forritinu með Bluetooth tengingu. Með forritinu getur þú auðveldlega stjórnað daglegum stillingum.

Cloud Connect

Með Cloud Connect getur þú athugað stöðu Juno, án þess að þurfa að vera sjálf(ur) í fjósinu. Ef Juno er tengdur við þráðlaust net í fjósinu, getur tækið sent upplýsingar beint í skýið. Ef þú notar Lely Horizon forritið í snjallsíma, getur þú sett það upp þannig að Juno sendir skilaboð í símann ef alvarleg viðvörðun kemur upp.

Settu saman þinn eigin Lely Juno

Mörg kúabú hafa stækkað með árunum og hýsa hjarðir í fleiri en einu fjósi. Það er gott að Juno getur unnið við ólík skilyrði í fjósum og á ólíkum fódurgöngum. Ef Junoinn þinn þarf að ýta fóðrinu í mörgum byggingum er hægt að aðlaga hann að þeirri staðreynd með eftirfarandi valkostum:

Flex pakkinn

Flex pakkinn inniheldur alla þessa valkosti (nema fjóshurðarstýringu til að opna og loka rafmagnshurðum). Þú getur líka pantað valkostina eina og sér eða bætt þeim við eftir uppsetningu.

Við mælum alltaf með því að taka Lely Juno með Flex pakkanum því eykur möguleika tækisins að vinna við fjölbreyttar aðstæður.

Lyfting á faldi

Þökk sé lyftingu á faldinum þá getur Juno farið yfir litlar hindranir eins og rimla. Hann tryggir einnig fullnægjandi hæð frá gólfi þegar ekið er í allt að 15% halla. Þessi lyfting á faldinum heldur honum hreinum svo að hann mengi ekki fóðrið.

Ýtir fóðri bæði til vinstri og hægri

Tvíátta virkni Lely Juno eykur getu hans til muna. Með tvíátta veggmaelingu getur Lely Juno fylgt veggjum bæði vinstra og hægri megin við fódurganginn.

Stýring á fjóshurðum

Ásamt stýringu á fjósdryrum getur Juno opnað og lokað rafdrifnum hurðum sjálfkrafa þegar ekið er úr einni byggingu í aðra.

LED ljós

Innbyggð LED ljós gera Lely Juno sýnilegan í myrkri. Þetta eykur öryggi í fjósinu þegar ekið er úr einni byggingu í aðra í myrkri.

Vernd með rafvæddum stuðara

Rafvæddi stuðarinn er málmræma með rafpúls, sem festur er á stuðarann. Rafpúlsinn skaðar hvorki kýr né menn, en kemur í veg fyrir að t.d. kýr stöðvi tækið með því að snerta stuðarann.

Tæknilýsing	Juno
Þvermál (cm)	110
Hæð (cm)	110 - 155
Þyngd (kg)	620
Hæð (cm) sópblaðs	63 - 67
Drif	Rafmótor
Hraði	12 metrar/mín
Rafhlöður	12 V/55 Ah
Ákvörðun á stefnu hreyfingar	Áttaviti og ómtækni
Hámarks halli*	15% (8.5°)
Minnsta breidd fódurgangs	1.25 m + breidd fódrunarstrengs
Aksturstími án hleðslu	1 klukkustund
Hámarks akstursleið	1 km
Vinnuhitastig	-20 til +50°C
Sveigjanlegur í vinnu	Stöðluð
Sópað til hægri og vinstri	Valkvæð
Vernd með rafvæddum stuðara	Valkvæð
LED ljós	Valkvæð
Dyrastýring	Valkvæð
Lyfting á faldi	Valkvæð
Halli á faldi	Valkvæð

*með Flex lausninni og þegar hann keyrir utandyra



Snjallfóðrun virkar með Lely Juno

Með því að ýta fóðrinu að kúnum bæði dag og nótt þurrefnisát hjarðarinnar. Þetta hámarkar heilsu vambarinnar, fóðurnýtingu og framleiðni. Með því að gera þetta endurtekna verkefni sjálfvirkt, getur þú gert lífið þitt auðveldara, framleiðsluna skilvirkari og reksturinn farsælli. Fáðu meiri upplýsingar um snjallfóðrun á www.lely.com/feeding

Snjall búrekstur stendur þér til boða.

Hafðu samband við Lely Center Íslandi til að taka snjallfóðrun í notkun

Upplýsingar í þessu riti eru einungis settar fram í upplýsingaskyni og ber ekki að líta á þær sem sölutilboð. Tilteknar vörur eru e.t.v. ekki til í einstökum löndum og vörur frá birgjum kunna að vera aðrar en hér er sýnt. Óheimilt er að afrita eða gefa út rit þetta, að hluta eða í heild, og gildir það um prent, ljósrit, örfilmu eða hvers konar annað útgáfuform, án skriflegs leyfis Lely Holding B.V. Þótt efni þessa rits hafi verið unnið eins vandlega og framast var unnt verður Lely ekki sótt til ábyrgðar vegna nokkurs þess tjóns eða skaða sem kann að verða vegna meintrar villu eða mistaka í þessu riti.

Nánari upplýsingar um rétt til einkanotkunar er að finna í tilkynningu um vörumerki á www.lely.com.

Höfundarréttur © 2022 Lely Holding B.V. Allur réttur áskilinn.

